

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson

Þróunarfulltrúi grunnskóla

vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnsskoli.is](http://www.öldutunnsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, I. TBL.

21. ÁGÚST 2009

## Mikilvægar dagsetningar í skólastarfi vetrarins

Velkomin til starfa starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar. Skólasetning er í dag í grunnskólunum, föstudag 21. ágúst og kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudag 24. ágúst. Skipulagsdagarnir fimm á skólaárinu eru sameiginlegir fyrir alla leik- og grunnskóla bæjarins í vetur. Þeir verða sem hér segir: 29. september, 18. nóvember, 4. janúar, 26. febrúar og 25. apríl. Gert er ráð fyrir að skipulagsdagurinn 26. febrúar verði nýttur sameiginlega í bænum og verður síðar kynnt hvernig það verður gert. Þá er vetrarfrí í grunnskólunum dagana 29.-30. október nk. og verða allir grunnskólarnir með vetr-

arfrí.

Fagfundir kennara verða í Setbergsskóla mánudaginn 28. september kl. 14.30-16. Fram-

kvæmd hans verður kynnt kennurum síðar en byggir þó á þeirri hefð sem verið hefur með fundina undanfarin ár.

Samræmd könnunarpróf verða í 4., 7. og 10. bekk um miðjan september. Þau eru þrjú í 10. bekk (íslenska, enska og stærðfræði) 14.-16. september og í 4. og 7. bekk eru þau tvö (íslenska og stærðfræði) sem verða 17.-18. september. Prófin standa frá kl. 9-12 viðkomandi dag.

Ýmis önnur árleg verkefni verða að vanda og verða dagsetningar þeim tengd kynnt síðar, s.s. Stóra upplestrarkeppnin, íþróttakeppni grunnskólanna, Söngurinn ómar hjá 4. bekkjum og fleira.



## Námskeiðahaldið í vetur í undirbúningi

Skólaskrifstofan fékk tæpar 2 milljónir fyrir námskeiðahaldið meðal kennara í vetur og skiptist fjárhæðin á sex þemu:

1. Atferlismótandi uppeldisáðgerðir til agastjórnunar (SMT).
2. Einhverfultrófið í skólastarfi án aðgreiningar.
3. Hollusta, hagsýni og heilsuefning í verk- og listgreinum.
4. Frihugbúnaður til skólaþróunar.
5. Byrjendalæsi og lestrarþjálfun.
6. Mannréttindi og lýðræði í skólastarfi.

Námskeiðahaldið hefst fyrir alvöru í byrjun október en skipulagning

einstakra námskeiða stendur yfir þessar vikurnar. Þegar námskeiðahaldið fyrir haustönn verður klárt kemur útnámskeiðsbæklingur og verður honum dreift til kennara, líklega í krinnum 20. september. Þá hefjast skráningar á einstök námskeið.

Gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi í námskeiðahaldinu í vetur og síðustu vetur. Það felst m.a. í því að stefnt er því að



## Skólaþróun

flest námskeið fyrir kennara verði á mánudögum kl. 15-17.

Frá PMt-kynningarnámskeiði í haust í Hvaleyrarskóla.





## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 8. júlí  
185. fundur:

- Fræðsluráð samþykkir 10% hækkun á gjaldskrárm leikskóla, heilsdagsskóla, málsverða í skólum og í tónlistarskóla frá hausti.

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Litlar breytingar eru á stjórnendahópi grunnskóla í vetur en þessar eru þó helstar: Marsibil Ólafsdóttir, aðstoðarskólalastjóri í Hvaleyrarskóla er í námsleyfi í vetur. Ekki er ráðinn aðstoðarskólalastjóri í hennar stað en bætt er við verkefnastjórnun sem Linda Hrönn Helgadóttir, kennari í skólanum annast. Anna Kristín Guðmundsdóttir, deildarstjóri í Víðistaðaskóla fer í námsleyfi og sinnir Anna Ágústa Hauksdóttir starfi hennar á meðan. Sif Stefánsdóttir, deildarstjóri í Setbergsskóla er sömuleiðis í námsleyfi í vetur og mun Hafdís Ásgeirsdóttir, deildarstjóri í sérkennslu í skólanum, sinna verkefnum hennar og Linda B. Magnúsdóttir, kennari en hún leysti af síðasta vetur aðstoðarskólalastjóra Setbergsskóla, Hrönn Bergþórsdóttur, sem kemur nú til baka úr námsleyfi. Svala Nielsdóttir, deildarstjóri sérdeildar í Lækjarskóla, er í ársleyfi og á meðan sinna aðrir deildastjórar verkefnum hennar.
- » Árlegur fagsamráðsfundur kennara verður í haust haldinn í Setbergsskóla mánudaginn 28. september kl. 14.30-16. Nánari kynning mun koma til kennara þegar nær dregur atburðinum.
- » **Samtök áhugafólks um skólaþróun** standa fyrir fræðslu og kynningum um námsmat föstudaginn 4. september í Ingunnarskóla kl. 14-16.30. Aðgangur er ókeypis en það þarf að skrá sig á samveruna og skal senda um slíkt póst til sigridurg@ingunnarskoli.is. Sjá nánari upplýsingar á vef samtakanna, [www.skolathroun.is](http://www.skolathroun.is).
- » Nokkuð hefur komið út af nýju námsefni frá Námsgagnastofnun á undanförunum vikum. Ekki tekst að kynna það hér í bili en vísað á heimasíðu stofnunarinnar þar sem nýtt námsefni er kynnt, [www.nams.is](http://www.nams.is).



## Símenntun, endurmenntun og starfsþróun



Frá Björtum dögum í vor og er efri myndin á forsiðu frá sama atburði.

### Tilkynning vikunnar

Þetta er fyrsta tölublað **Skólavefritsins** í ár. Áfram er stefnt að vikulegri útgáfu á föstudögum á starfstíma skóla. Það er eðlilegt þótt ekki takist að gefa blaðið út alla föstudaga sökum anna, veikinda eða óvæntra ástæðna. En stefnumiðið er skýrt, vikuleg útgáfa.

Næsta blað  
**Skólavefritsins** er  
væntanlegt föstudaginn  
28. ágúst 2009

Símenntun, endurmenntun, starfsþróun og jafnvel starfsþroski eru hugtök sem tengjast umræðu innan flestra fagstétta um nauðsyn þess að hver fagmaður þrói sig í starfi og efla sig í þágu skjólstaðinga sinna. Mikil fræðileg umræða er um viðfangsefnið innan kennslufræða, fagstéttafræða, rannsóknarfræða og fræða um skipulagsheildir og stjórnun. Ofangreind hugtök sem tengjast menntun fagstétta hafa mismunandi merkingu og áherslur. Fyrir Skólaskrifstofuna er verkefnið að bjóða kennurum upp á námskeið og

samráðsfundi (símenntun) sem verður þeim væntanlega til eflingar í starfi (starfsþróun) sem persónulega (starfsþroski) en veitir þó ekki formlegar prófgráður (endurmenntun). Í skólastefnu Hafnarfjarðar, sem var endurskoðuð í vor og samþykkt í bæjarstjórn í júní sl., er aukin áhersla á símenntun kennara og tengsl hennar við skólaþróun. Stöðugt er því verið að leita leiða hvernig að slíku verði best unnið, þ.e. hvaða aðferðaræði skuli beita til að skipuleggja og þróa námskeiðahald fyrir kennara, innan skóla og innan Hafnarfjarðar.

## Fréttirnar við hendina á veraldarvefnum

Upplýsingamiðlun eykst stöðugt á vefnum. Einhver mest spennandi hugmynd sem lengi hefur sést, kannski fyrir utan fréttabloggð á vefnum, er aðgengi að mörgum fréttavefjum í gegnum Newsum-vefinn. Hann hefur áður verið kynntur hér en aftur er minnt á hann. Í gegnum Newsum er hægt að nálgast forsiður 781 dagblaðs, á pdf-



sniði, frá 71 landi á þrjá ólíka vegu (landakort, stafrófsröð, myndir). Þannig er hægt að fylgjast með fréttum og komast þaðan á fréttavefi viðkomandi dagblaða um allan heim á einfaldan hátt.

VEFSLÓÐ: <http://www.newseum.org/todaysfrontpages/flash/>



### Vefhornið

Þetta er skemmtileg leið til að sjá hvað fangar fréttamenn um víða veröld og einstakar þjóðir.

Það má sjá marga kosti af þessum vef fyrir kennslu. Hann gæti augljóslega nýst fyrir tungumálakennslu, fyrir kennslu í fjölmiðlun, fyrir kennslu í samfélagsfræði og takmarkast líklega eingöngu af ímyndunaraflinu. Einstaklega áhugaverð hugmynd.